

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 30. september 2024
Málsnúmer: 202408-0048
IAS

Efni: Vestmannaeyjalínur 4 og 5. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun frá 30. ágúst 2024 síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um Vestmannaeyjalínur 4 og 5, nr. 1056/2024: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu).

Tilkynningin greinir frá framkvæmdum og mögulegum umhverfisáhrifum vegna lagningar Vestmannaeyjalínu 4 (VM4) og Vestmannaeyjalínu 5 (VM5). Vestmannaeyjalínur 4 og 5 verða lagðar á sama tíma, en þær liggja á milli sömu tengivirkja (kennd við Rimakot og Vestmannaeyjar) og samliggjandi að hluta. Vestmannaeyjalína 4 hlaut áður umfjöllun ásamt Vestmannaeyjalínu 3 (VM3) árið 2009 í aðdraganda framkvæmdar við VM3. Var þá niðurstaða Skipulagsstofnunar að strengirnir væru ekki matsskyldir, en rétt þykir að fjalla hér aftur um VM4 vegna ákvörðunar sem óskað er eftir um VM5.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Eins og fram kemur í lýsingunni þá eru strengleiðirnar frá Rimakoti og niður að sjó á mikilvægu fuglasvæði og í Vestmannaeyjum eru þær mikið til á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og liggja um svæði sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaráætlun náttúru-minjaskrár (B-hluta). Að auki eru leiðirnar í Vestmannaeyjum að hluta til innan svæðis 723 á C-hluta náttúru-minjaskrár. Eins og framkvæmdunum og mótvægisáðgerðum er lýst er raski haldið í lágmarki og umhverfisáhrif ásættanleg í ljósi þess að um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir Vestmannaeyjar og aðrar lagnleiðir koma vart til greina.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er í matskyldufyrirspurninni nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og ekki þörf á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

